

Uppáhalds Mozart

.....
FÖSTUDAGUR 30.03.12



Forleikurinn að Brúðkaupi Fígarós tekur um fjórar mínútur í flutningi en píanókonsertinn um 28 mínútur. Júpíter-sinfónían er rúmur hálf tími að lengd.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 fimmtudagskvöldið 5. apríl.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

UPPÁHALDS MOZART

.....
TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. MARS 2012 KL. 19.30
.....

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Mihaela Ursuleasa einleikari

.....

Wolfgang Amadeus Mozart *Brúðkaup Fígarós K. 492, forleikur*

Wolfgang Amadeus Mozart *Píanókonsert nr. 21 í C-dúr K. 467*

Allegro maestoso

Andante

Allegro vivace assai

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart *Sinfónía nr. 41 í C-dúr K. 551 („Júpítar“)*

Allegro vivace

Andante cantabile

Menuetto (Allegretto)

Molto allegro

Eivind Aadland

hljómssveitarstjóri



Eivind Aadland er einn af virtustu hljómssveitarstjórum Noregs og var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómssveitarinnar í Þrándheimi um sjö ára skeið frá árinu 2004. Á Þrándeimsárunum stjórnaði hann öllum sinfóníum Beethovens og Malhers. Aadland hefur stjórnað flestum helstu sinfóníuhljómssveitum Norðurlanda og er reglulegur gestastjórnandi fílharmóníusveitanna í Ósló og Bergen, Sinfóníuhljómssveitar Stafangurs, Sinfóníuhljómssveitar Gautaborgar og Sænsku kammerhljómssveitarinnar. Hann hefur stjórnað *Don Giovanni*, *Brúðkaupi Fígarós*, *Töfraflautunni* og *Leðurblökunni* við Norsku óperuna í Ósló við góðan orðstír. Aadland hefur unnið mikið í Austurlöndum fjær og í Ástralíu. Árið 2010 fór hann með Sinfóníuhljómssveit Þrándheims í tónleikaferðalag til Kína og stjórnaði KBS Sinfóníuhljómssveitinni í Seúl. Undanfarið hefur hann unnið náið með Sinfóníuhljómssveit Queensland í Brisbane og var aðalgestastjórnandi hljómssveitarinnar árið 2011. Aadland myndar sterk tengsl við hljóðfæraleikarana sem hann vinnur með og á það rætur að rekja til reynslu hans sem konsertmeistara Fílharmóníuhljómssveitarinnar í Bergen um árabil og stjórnanda Kammersveitar Evrópusambandsins. Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari. Hann lærði hjá Yehudi Menuhin og nám í hljómssveitarstjórn sótti hann hjá Jorma Panula. Á alþjóðlegum vettvangi hefur Aadland stjórnað Fílharmóníunni í Rotterdam, sinfóníuhljómssveitunum í Toulouse og Liège, Vestur-áströlsku sinfóníuhljómssveitinni og útvarpshljómssveitunum í Stuttgart og Köln. Hann hefur hljóðritað fjölmörg verk bæði sem fiðluleikari og stjórnandi. Má þar nefna öll verk Arne Nordheim fyrir fiðlu og hljómssveit (BIS) og tónlist eftir Ole Bull (Simax) og ýmiss verk fyrir Hyperion. Nýlega vann Aadland að geisladiski fyrir EMI með Fílharmóníusveitinni í Liverpool og norska trompetleikaranum Tine Thing Helseth. Aadland hefur þrisvar áður stjórnað Sinfóníuhljómssveit Íslands. Fyrst í október 2005 þegar píanókonsert Griegs og 7. sinfónía Beethovens var á efnisskránni, í febrúar 2008 með 6. sinfóníu Beethovens og sellókonsert eftir Haydn og síðan 2009 með *Sinfóníu nr. 2* eftir Brahms og *Hornkonsert nr. 2* eftir Richard Strauss.

Mihaela Ursuleasa
einleikari



Mihaela Ursuleasa fæddist í Rúmeníu árið 1978. Hún vakti snemma athygli Claudios Abbado sem mælti með henni við forstöðumenn Tónlistarháskólans í Vínarborg. Þar stundaði hún nám um árabil og hreppti fyrstu verðlaun í Clöru Haskil-keppninni árið 1995, sextán ára gömul. Fyrsti hljómdiskur hennar hlaut frábæra dóma fyrir skemmstu, en á honum leikur hún m.a. verk eftir Beethoven, Brahms og Ravel. Hún hefur haldið fjölda tónleika bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, meðal annars með Mostly Mozart-hljómsveitinni í New York undir stjórn Osmo Vänskä, Sinfóníuhljómsveit Barcelona undir stjórn Hans Graf, og Concertgebouw í Amsterdam undir stjórn Kurt Sanderling. Þá hefur hún haldið í tónleikaferðir ásamt Academy of St. Martin-in-the-Fields með Sir Neville Marriner, og Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar undir stjórn Neeme Järvi. Ursuleasa leikur einnig kammertónlist ásamt tónlistarfólki á borð við Patriciu Kopatchinskaju og Sol Gabetta, og hefur komið fram á tónlistarhátíðunum í Salzburg, Lockenhaus og Marlboro.



Brúðkaup Fígarós

forleikur

Árið 1781 markaði tímamót á ferli Wolfgangs Amadeusar Mozarts (1756–1791): eftir langvarandi útistöður við vinnuveitanda sinn, Colloredo erkibiskup af Salzburg, fluttist hann frá smábænum við Salzach-fljót til höfuðstaðarins, Vínaurborgar. Með þessu gekk hann þvert á óskir Leopolds föður síns, en stórborgin heillaði og hafði upp á margt að bjóða, ekki síst óperuhús. Mozart hafði alla tíð dreymt um að verða óperuskáld og nú eygði hann færi á að öðlast frama á þeim vettvangi við austurrísku hirðina. Ekki gekk allt að óskum en þó fékk hann að spreyta sig við Burgtheater, sem var eins konar gæluverkefni Jósefs II keisara og átti meðal annars að koma þýskri óperu á legg (*Brottnámið úr kvennabúrinu*, 1782). Það er dapurleg staðreynd að fjögur ár liðu þar til Mozart fékk aftur að spreyta sig á óperusmíði við hirðina og líklega má ekki síst kenna því um að keisarinn sjálfur var ekki alls kostar ánægður með fyrrnefnt verk eins og fræg ummæli hans eru til vitnis um: „Of margar nótur, kæri Mozart.“

Þegar Mozart bauðst að semja nýja óperu við Burgtheater árið 1786 tefldi hann á tæpasta vað. Hann hafði fengið til liðs við sig ítalskan ævintýramann að nafni Lorenzo da Ponte til að semja óperutextann, en það var eldfimt val á söguefni sem vakti athygli manna því að leikrit Pierres Beaumarchais um brúðkaup Fígarós (*La folle journée, ou le Mariage de Figaro*, 1784) hafði verið bannað bæði í París og Vínaurborg. Í óperunni rís þjónustufólkið öndvert gegn aðlinum (Almaviva greifa) sem hyggst notfæra sér aldagamlan rétt sinn og njóta meydóms Súsönnu áður en hún gengur að eiga sinn ástkæra Fígaró. Að sýna slíkan leik í aðdraganda frönsku byltingarinnar var nokkuð hættuspil.

Þó fékk Mozart leyfi til að tónsetja leikritið og raunar vakti óperan mikla

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verkin sem flutt eru á þessum tónleikum hafa hljómað margoft á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands. Það var í júní 1950 sem söngvarar úr Konunglegu óperunni í Stokkhólmi fluttu *Brúðkaup Fígarós* í Þjóðleikhúsinu við undirleik nýstofnaðrar Sinfóníu-hljómsveitar Íslands undir stjórn Kurts Bendix. Næst heyrðist forleikurinn sex árum síðar þegar Páll Ísólffsson stýrði hljómsveitinni á tónleikum í Þjóðleikhúsinu, en síðast hljómaði hann á tónleikum SÍ í Háskólabíói haustið 2009 undir stjórn Matthew Halls.

hrifningu Vínarbúa þótt ekki væri hún sýnd nema níu sinnum árið 1786. Það tíðkaðist að klappa upp númer sem féllu vel í kramið og á frumsýningu þurfti að endurtaka fimm stykki; á næstu sýningu voru þau sjö. Þar sem óperan er í lengra lagi gaf keisarinn út tilmæli þess efnis að eingöngu mætti klappa upp aríur – en ekki dúetta eða lengri senur – til að halda lengdinni í skefjum. *Fígaró* hlaut dágóðar undirtektir í Prag skömmu síðar sem leiddu til þess að Mozart var beðinn að semja *Don Giovanni*, og þegar *Fígaró* komst aftur á fjalirnar í Vínarborg 1789 varð hrifningin svo mikil að þeir da Ponte tóku höndum saman í þriðja og síðasta sinn og sömdu óperuna *Così fan tutte*.

Líkur hafa verið leiddar að því að megnið af óperunni hafi verið samið á aðeins sex vikum vorið 1786. Forleikurinn hefur væntanlega beðið þar til síðast og tengist efni óperunnar aðeins óbeint. „Brjálaði dagurinn“ sem gefinn er til kynna með undirtitli óperunnar (*La folle giornata*) er túlkaður með iðandi sextándupörtum; hér ríkir kátína og eftirvænting svo um munar. Bjartur hljómur forleiksins setur sömu-leiðis sviðið fyrir það sem koma skal, því að í óperunni allri er aðeins eitt númer í moll – aría Barbarinu í fjórða þætti. Glæðværðin er allsráðandi allt frá fyrsta takti enda vandfundinn vinsælli forleikur hvort sem er í óperugryfjum heimsins eða konsertsölum.

Píanókonsert í C-dúr, K. 467

Það var stórt skref fyrir Mozart að halda til Vínarborgar og freista gæfunnar í stórborginni einn og óstuddur. Nú til dags kann það að virðast fremur léttvægt skref fyrir tónlistarmann að treysta á lausamennsku, en á tímum Mozarts var það fáheyrt að tónskáld gegndi ekki föstu starfi hjá kirkju eða kóngi. Til að byrja með gekk honum allt í haginn enda var Vínarborg ein helsta miðstöð tónlistar í Evrópu. Mozart hafði líka nóg að iðja jafnvel þótt ekki væru pantaðar hjá honum eins margar óperur og hann hafði vonast til.

Hann hélt til dæmis nokkra stóra tónleika á eigin vegum, svokallaðar akademíur, þar sem hann flutti glæný verk sín með hljómsveit og lék að auki einleik á píanó. Slíkir tónleikar voru áhættusamir: tónskáldið þurfti að leigja bæði hljómsveit og sal, en gat líka hirt allan gróðann ef einhver var. Með þessu móti þénaði Mozart dágóðar fúlgur um nokkurt skeið, enda naut tónlist hans mikilla vinsælda og hann gat leyft sér að lifa hátt, klæðast fínustu skartklæðum og láta þjónustufólki eftir heimilishaldið.

Hvað konsertsmíðar snertir var gullöldin á árunum 1784–86. Hinn 3. mars 1784 ritaði Mozart föður sínum í Salzburg, kvaðst hafa haldið 22 tónleika á 38 dögum og bætti við: „Ég held að með þessu móti komist ég ómögulega úr æfingu“. Afköstin voru hreint ótrúleg hvort sem miðað er við magn eða gæði; hvorki fleiri né færri en 12 nýir píanókonsertar litu dagsins ljós frá febrúar 1784 til desember 1786. Flestir voru þeir frumfluttir af honum sjálfum við flygilinn og þannig var með C-dúr konsertinn sem hér hljómar. Hann heyrðist fyrst á tónleikum í Burgtheater í Vínarborg 10. mars 1785.

Fyrsti kafli er fjörugur og glæsilegur; undir lok kafans hefur Mozart spunninn kadensu af frumum fram á tónleikunum í Burgtheater því að engin slík hefur

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Árið 1956 lék Gísli Magnússon C-dúr konsertinn á hátíðartónleikum í Þjóðleikhúsinu þegar þess var minnst að 200 ár voru liðin frá fæðingu Mozarts. Síðan hafa fjölmargir píanistar leikið verkið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, m.a. Lee Luvisi (1969), Jörg Demus (1971), Nína Margrét Grímsdóttir (1985), Markus Schirmer (1991) og Miklós Dalmay (2001). Þess má til gamans geta að árið 1955 lék Þórunn Jóhannsdóttir (síðar Ashkenazy), þá 15 ára gömul, konsertinn í breska sjónvarpið með BBC-sinfóníuhljómsveitinni.

varðveist frá hans hendi fyrir þennan konsert. Andante-þátturinn hafði lengi verið meðal dádustu verka meistarans, en árið 1967 komst hann skyndilega á metsölulista þökk sé sænsku kvikmyndinni *Elvira Madigan*. Í raun er tónlistin eins konar aría fyrir píanistann, en hljómsveitin leggur til litríka hljóma sem ekki eru alltaf eins saklausir og þeir virðast við fyrstu heyrn. Í síðasta kaflanum er aftur sprett úr spori; hraði og gáski einkenna tónlistina allt frá fyrsta takti til hins síðasta.

Sinfónía nr. 41, „Júpíter“

Menn hafa lengi velt því fyrir sér hvað varð til þess að Mozart samdi þrjár mestu sinfóníur sínar á innan við átta vikum sumarið 1788. Lengi var það trú manna að á þessum tíma hafi hinn misskildi snillingur verið hvað verst leikinn af meðbræðrum sínum og því séð sig knúinn til að semja verk sem gætu gefið eitthvað í aðra hönd. Víst voru þetta erfiðir tímar í lífi hans, en það stafaði einkum af því að veldi Habsborgara átti í gríðarmiklum vandræðum um þetta leyti og afleiðingin var kreppa sem snerti alla íbúa austurríska keisaradæmisins. Jósef II háði um þessar mundir stríð við Tyrki í nafni Katrínar, keisaraynju Rússa, en ekki fór betur en svo að herinn sneri heim árið 1790 eftir þriggja ára dýrkeypta niðurlægingu. Kreppan í Vínarborg hafði afleit áhrif á listalíf borgarinnar: aðalsfólk dvaldi heldur í Ungverjalandi, einkahljómsveitir lögðust af og tónleikum fækkaði. Mozart varð fyrir barðinu á kreppunni, til dæmis var engin ópera pöntuð frá honum á stríðsárunum og áform um tónleikahald í Vínarborg urðu öll að engu. Í júlí 1788 – mánuði áður en hann lauk við Júpíter-sinfóníuna – ritaði hann vini sínum Michael Puchberg örvæntingarfull bréf þar sem hann biður um lán þar til eftirspurn eftir tónlist sinni taki að glæðast á nýjan leik.

C-dúr sínfónían K. 551 er síðasta sínfónía Mozarts og hefur lengi verið talin standa framar öðrum sínfóníum klassíska tímans. Strax um 1820 voru Engendingar farnir að gefa henni viðurnefnið Júpíter, sem vísar til yfirburða hennar: sú æðsta af öllum sínfóníum meistarans. Í henni gengur Mozart í flestum skilningi lengra en ætlast var til í sínfónísku formi árið 1788 – músíkalskt, tæknilega og fagurfræðilega. Fyrsti þáttur er glæsilegur, með trompetum og pákum, en þótt tónlistin sé öryggið uppmálað er líka slegið á blíðari strengi. Annar kaflinn, fagurlega syngjandi *Andante cantabile*, hefst á þokkafullu stafi sem víkur fljótt fyrir öðru, öllu órólegra, í moll. Að hæga kaflanum loknum tekur við menúett sem á það til að hljóma nokkuð dapurlega, eins og heyrir til dæmis í krómátískum strófum tréblásaranna, þótt yfirborðið sé annars glaðlegt.

En það er lokapáttur Júpíter-sínfóníunnar sem hefur tryggt henni sess sem eitt mesta meistaraverk Mozarts, og er þá mikið sagt. Um það leyti sem Mozart samdi sínfóníuna hafði hann kynnt sér tónlist Bachs af mikilli kostgæfni, ekki síst fyrir tilstuðlan vinar síns Gottfrieds barón van Swieten, sem var yfirmaður menntamála í Vínarborg. Swieten var mikill áhugamaður um barokktónlist og hjá honum átti Mozart þess kost að grandskoða nótur að verkum Bachs og Händels, sem lágu ekki á lausu á þessum tíma. Afraksturinn hljómar í lokapætti Júpíter-sínfóníunnar. Kaflinn er ekkert minna en *tour de force* hvað varðar kontrapunktíska tónhugsun: öll helstu stef þáttarins – fimm að tölu – eru þeim eiginleikum gædd að þau geta hljómað bæði hvert fyrir sig sem og samtímis í niðurlagi verksins, í fimm radda kontrapunkti.

Snilld af þeirri gerð sem Mozart sýnir í Júpíter-sínfóníunni er afar fágæt. Verkið markar þáttaskil í sögu hins sínfóníska forms: eftir riflega hálftrar aldar þróun hafði sínfónían breyst úr skemmtimúsík í alvarlega og metnaðarfulla tónsmíð, og á þeim

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Júpíter-sinfónían heyrðist fyrst hér á landi sumarið 1926 þegar Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar sótti Ísland heim undir stjórn Jóns Leifs. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék hana í Þjóðleikhúsinu árið 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og aftur fimm árum síðar undir stjórn Hans Zanotelli. Síðan hefur hún hljómað alloft á tónleikum, en síðast lék hljómsveitin verkið árið 2004 undir stjórn Susönnu Málkki.

forsendum tók Ludwig van Beethoven upp þráðinn árið 1800. Allt hans sinfóníska verk, sem og þeirra sem á eftir komu, byggði á þeim grunni sem Mozart lagði með síðustu sinfóníum sínum.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á döfinni

Fimmtudagur 10.05.12 kl 19.30

Sigrún spilar Sjostakovitsj



Dmitrj Sjostakovitsj: Fiðlukonsert nr. 1

Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen vakti gríðarlega hrifningu hljóðfæra-leikara og tónleikagesta þegar hann stjórnaði SÍ í febrúar 2010 og var honum samstundis boðið að koma aftur til Íslands við fyrsta tækifæri. Hann var skipaður aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Nýja Sjálands árið 2008 og hafa hljóðritanir þeirra á sífóníum Sibeliusar fyrir Naxos-útgáfuna hlotið einróma lof gagnrýnenda. Túlkun Inkinens á 2. sífóníunni hlaut fjórar stjórnur í Financial Times og The Guardian sagði að diskurinn í heild væri „hreinasta gullnáma.“

Sigrúnu Eðvaldsdóttur er varla þörf á að kynna fyrir íslenskum hlustendum. Hún hefur fyrir löngu spilað sig inn í hjörtu landsmanna með tilfinningaþrunginni túlkun.

Önnur sífónía Sibeliusar er sú vinsælasta af þeim sjö sem hann samdi og ekki að ástæðulausu. Vorið 1900 dvaldi hann í Rapallo á Ítalíu þar sem hann töfraði fram glaðlega tóna sífóníunnar.

Fiðlukonsert nr. 1 eftir Sjostakovitsj er eitt hans áhrifamesta verk og einn glæsilegasti fiðlukonsert 20. aldarinnar.

Á döfinni

Föstudagur 25.05.12 kl 19.30

Rómeó og Júlía á Listahátíð í Reykjavík



Hector Berlioz: Rómeó og Júlía

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran

Sveinn Dúa Hjörleifsson tenór

Nicolas Cavallier bassi

Hljómeyki, Kór Áskirkju,

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Fjöldi ógleymanlegra tónverka hefur orðið til undir áhrifum af harmleikjum Shakespeares. Eitt hið stærsta og óvenjulegasta er Rómeó og Júlía eftir franska meistarann Hector Berlioz sem hann kallaði „dramatíska sífóníu“. Hér er sífóníuformið teygt í ýmsar áttir svo úr verður eins konar bræðingur hljómsveitarverks og óperu. Eitt það sem gerir nálgun tónskáldsins svo óvenjulega er að margir dramatískustu þættir sögunnar eru túlkaðir af hljómsveitinni eingöngu.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

30. mars

1. FIDLA

Helena Wood
Sif Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Lin Wei
Mark Reedman
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Kolbrún Lovell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Helga Steinunn Torfadóttir
Lilja Hjaltadóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Auður Ingvadóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Richard Korn
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Eydís Franzdóttir

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

HORN

Joseph Ognibene
Þorkell Jónsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinnsson

PÁKUR

Eggert Pálsson

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is



GAMMA er einn aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf